



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/44*  
*komudagur 12.11.2004*

Reykjavík 11. nóvember 2004

*Tilvísun: 2004110128*  
*091.1*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

**Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.**

Að lokinni athugun á frumvarpi til laga um þriðju kynslóð farsíma sýnist ekki vera tilefni til athugasemda af hálfu embættisins.

F.h. RLS



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 131/247*

*komudagur 29. 11. 2004*

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2004  
Tilvísun: 2004110010

**EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.

Markmið laganna er að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi og tryggja með því virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðnanna.


Umrætt frumvarp var fyrst lagt fram á síðasta þingi en ekki náðist að ljúka afgreiðslu þess þá. Er það því lagt fram að nýju og hefur það tekið miklum breytingum til batnaðar frá frumdrögum þess.

Almennt má segja að á Íslandi hafi ekki ríkt virk samkeppni á fjarskiptamarkaði. Aðstæður á markaðnum hafa að vísu breyst mikið á undanförunum árum og hafa mörg fyrirtæki fengið rekstrarleyfi. Síðustu tvö ár hefur á hinn bóginn orðið samþjöppun og nú eru svo komið að aðeins tvö fyrirtæki eru eftir á farsímamarkaðnum. Það er því erfitt að sjá að virk samkeppni muni ríkja við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóða farsíma. Íslenskur fjarskiptamarkaður er fámennur í alþjóðlegum samanburði, jafnframt því að hann er mjög dreifður og kostnaður við uppbyggingu dreifinetsins er mikill. Það er því ekki á færi nema örfárra fyrirtækja að bjóða þjónustu fyrir þriðju kynslóða farsíma. Það er því fyrirsjáanlegt að áfram muni ríkja fákeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimt verði gjald fyrir hverja tíðniúthlutun. Þetta gjald mun að öllum líkindum draga úr samkeppninni á markaðnum frekar en að auka hana, þar sem gjaldið mun virka sem markaðshindrun fyrir minni fyrirtæki. Hins vegar má færa rök fyrir því að hagkvæmt sé að innheimta hóflegt gjald fyrir tíðniúthlutun þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind og mikilvægt er að stýra aðgengi að henni og tryggja hagkvæmustu nýtingu hennar. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði 190 millj. kr. eða 2.655 kr á íbúa og verður að teljast nokkuð hátt í samanburði við önnur norðurlönd. Sem dæmi má nefna þá er ekkert tíðnigjald innheimt í Finnlandi og Svíþjóð. Í Noregi er það um 973 kr á íbúða en hæst er það í Danmörku 7.808 kr á íbúa. Í greinagerð með frumvarpinu kemur hvergi fram ástæðan fyrir því að

umrædd upphæð er valin fremur en önnur. Ljóst er að fákeppni mun ríkja á fjarskiptamarkaðnum í náninni framtíð og að verð verður nokkuð hærra heldur en við skilyrði virkrar samkeppni. Alþýðusambandið telur því mikilvægt að umræddu tíðnigjaldi verði stillt í hóf því að á endanum eru það neytendur sem greiða fyrir það.

Í frumvarpinu eru ákvæði um útbreiðslu þriðju kynslóða farsímakerfisins og lögð á það áhersla að það fái sem víðtækasta útbreiðslu. Til að tryggja að útbreiðslan verði almenn og aðgengileg um allt land er gerð krafa um að þjónustan nái að minnsta kosti til 60% íbúa á fyrirfram skilgreindum svæðum. Jafnframt er gefin afsláttur af tíðnigjaldinu ef útbreiðslan verður meiri en lágmarkskrafan segir til um. Þessu fagnar Alþýðusambandið enda hefur það lagt áherslu á að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu eins og fjarskiptaþjónustu.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

  
Ingunn S. Þorsteinsdóttir  
hagfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
b.t.: samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 25.11.2004


150 REYKJAVÍK

Efni: **Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160. mál**

Með bréfi nefndarinnar frá 4. nóvember 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160. mál.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, 815. mál, en varð eigi útrætt. Samgöngunefnd óskaði þá umsagnar Landsvirkjunar. Ekki eru nú efni til að bæta við þá umsögn fyrirtækisins, sem dagsett er 29.04.2004, og vísast til hennar.

Virðingarfyllt

  
Örlygur Þórðarson  
yfirmaður lögfræðimála



Alþingi - Samgöngunefnd  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

2004110036

211


12. nóvember 2004

**Málefni: Þriðja kynslóð farsíma, 160. mál**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. nóvember sl., þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160. mál.

Við undirbúning þessa frumvarps hafði samgönguráðuneyti samráð við Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin kom sínum sjónarmiðum á framfæri á meðan á undirbúningi stóð og gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

f.h. Póst- og fjarskiptastofnunar,

  
Sigurjón Ingvason  
forstöðumaður lögfræðideildar

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/246*  
*komudagur 29.11.2004*

Samgöngunefnd Alþingis

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn við frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að um er að ræða sama frumvarp og lagt var fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Að þesu gefnu telur Síminn ekki ástæðu til að veita sérstaka umsögn um frumvarpið nú, heldur vísar alfarið til fyrri umsagnar í bréfi til Nefndasviðs Alþingis, dags. 28. apríl 2004.

Kveðja / With regards

**Páll Ásgrímsson, hdl.**  
Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs  
VP Legal and Regulatory Affairs

Sími / Tel. +354 550 6061  
GSM / Mobile +354 892 6061  
Fax +354 550 6009

Alþingi  
Erindi nr. P 131/213  
komudagur 26.11.2004



Nefndasvið Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2004  
Tilvísun: 2004040041/4.2; faxtæki; boðtæki  
GL/BH  
Tilv. ykkar: 04.11.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160. mál.**

Þingmál 160, lagt fyrir Alþingi á 131 löggjafarþingi 2004-2005.


Vegagerðin sem veghaldari hefur hagsmuni af því að útbreiðsla almenns farsímasambands fyrir vegfarendur sé sem víðast á vegakerfi landsins.

Frumvarpið tilgreinir forsendur fyrir vali á úthlutunartíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma og tengir útbreiðslu umfram ákveðin mörk til lækkunar á leyfisgjöldum.

Þó tilgangur sé auðskiljanlegur að hvetja til aukinnar útbreiðslu á þriðju kynslóðar farsíma, þá eru slík afsláttarkjör í leiðinni samkeppnishindrandi fyrir minni aðila á markaðnum og það er eitthvað sem farsíma markaðurinn þolir illa og getur unnið gegn hagsmunum ríkisins á öðrum sviðum s.s. vegna mögulegs útboðs á farsímaþjónustu þar sem hennar nýtur ekki við.

Þó Vegagerðin geri þessar athugasemdir þá styður Vegagerðin að umgjörð á úthlutun á þriðju kynslóð farsíma verði gerð skýr og með þeim hætti að útbreiðslan verði auðvelduð og gangi sem hraðast fyrir sig.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rognvaldsson,  
vegamálastjóri